# SANDKOLI – *DAB*

## *Limanda limanda*

## RÁÐGJÖF – *ADVICE*

Hafrannsóknastofnun leggur til að sandkolaafli fiskveiðiárið 2017/2018 fari ekki yfir 500 tonn. Einnig leggur stofnunin til að sérstaka aflamarkssvæðið frá Snæfellsnesi suður um að Stokksnesi verði lagt niður og að öll sandkolamið verði undir aflamarki.

*MFRI recommends a TAC no higher than 500 tonnes for the 2017/2018 fishing year. The MFRI also recommends that the defined quota area from Snæfellsnes to Stokksnes will be abolished, and all dab fishing grounds be under TAC limits.*

## STOFNÞRÓUN – *STOCK DEVELOPMENT*

Lífmassavísitala sandkola í SMB hefur verið lág frá árinu 2004, samanborið við tímabilið 1985-2003.

*IS-SMB biomass index has remained low since 2004, as compared to the years 1985–2003.*




**Sandkoli.** Afli og lífmassavísitala (≥25 cm) úr SMB .
***Dab.** Catches and IS-SMB biomass (≥25 cm) index.*

## HORFUR – *PROSPECTS*

Gögn um aldursskiptan sandkolaafla eru til fyrir tímabilið 1993–2016. Veiðin árið 2016 byggðist að mestu á 4–7 ára fiski eða árgöngunum frá 2009–2012. Mat á veiðistofni í upphafi árs 2017 er háð mikilli óvissu þar sem mjög takmarkaðar upplýsingar eru til um stærð árganganna frá 2012 og 2013 sem eru að bætast í veiðistofninn.

*Catch by length and age information is available from 1993–2016. Catch in 2016 consisted mostly of 4–7 year old fish. Considerable uncertainty exists around the 2017 stock biomass estimate due to a lack of information on the fish hatched in 2012–2013 that are recruiting to the fishable population.*

## GÆÐI STOFNMATS – *QUALITY OF THE ASSESSMENT*

Stofnmælingar botnfiska eru ekki taldar veita nægilega góðar upplýsingar um nýliðun sandkola, þar sem ungfiskur heldur sig að hluta grynnra en stöðvanetið nær til.

*Survey recruitment indices are considered inadequate to provide information on recruitment, due to the fact that the survey area does not cover the main nursery areas.*

## VEIÐAR – *THE FISHERY*

Landaður afli sandkola náði hámarki árin 1996–1997, í tæpum 8000 tonnum. Frá árinu 2007 hefur aflinn verið undir 1000 tonnum. Sandkolaveiðar hafa fyrst og fremst verið stundaðar í Faxaflóa, við Reykjanes og með suðurströndinni að Stokksnesi. Um 95% aflans veiðist að jafnaði í dragnót.

*Dab landings peaked at 8000 tonnes in 1996–1997. Catches have been relatively low since 2007, or under 1000 tonnes annually. Dab is mostly fished in Faxaflói, around Reykjanes and along the south coast. Around 95% of the catch is caught in demersal seine.*




**Sandkoli.** Veiðisvæði árið 2016 ($t/sjm^2$)

***Dab.*** *Fishing grounds in 2016 ($t/nmi^2$)*

| Afli 2016 (tonn) *Catches 2016 (tonnes)* | Dragnót *Demersal seine* | Botnvarpa *Bottom trawl* | Annað *Other* |
|---|---|---|---|
| 341 | 97% | 1% | 2% |

## RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – *ADVICE, TAC AND CATCH*

**Sandkoli.** Tillögur um hámarksafla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark, afli á aflamarkssvæðinu frá Stokksnesi suður um að Snæfellsnesi og heildarafli (tonn).

***Dab.*** *Recommended TAC, national TAC, catch in the quota area, and total catches (tonnes).*

| Fiskveiðiár *Fishing year* | Tillaga *Rec. TAC* | Aflamark *National TAC* | Afli aflamarkssvæði *Catch quota area* | Afli alls *Total catch* |
|---|---|---|---|---|
| 2010/11 | 500[1)] | 900 | 596 | 814 |
| 2011/12 | 500[1)] | 900 | 711 | 890 |
| 2012/13 | 500[1)] | 800 | 587 | 781 |
| 2013/14 | 500[1)] | 500 | 403 | 594 |
| 2014/15 | 1000 | 1000 | 334 | 546 |
| 2015/16 | 500 | 500 | 334 | 443 |
| 2016/17 | 500 | 500 | | |
| 2017/18 | 500 | | | |

[1)] Engar beinar veiðar. Aflamark sem nemi áætluðum aukaafla við aðrar veiðar.

*[1)] No directed fishery. TAC set no higher than would result from dab bycatch in other fisheries.*

## HEIMILDIR OG ÍTAREFNI – *REFERENCES AND FURTHER READING*

MFRI. 2017. Assessment of dab. Marine and Freshwater Research Institute, 13 June 2017. http://www.hafogvatn.is/wp-content/uploads/2017/05/dab-27.pdf